

Sameiginlegur fundur SK og SN haldin að Iðavöllum 11.mars 2009.

Mættir:

SK:Guðmundur, Sigurbjörg, Falur, Júlli, Hjördís, Gummi og Ásta.

SN:Herdís, Harpa, Helga og Elsie.

Auk þess var Steindór boðaður á fundinn..

1.málFundargerð

Farið yfir fundargerð síðasta fundar. Fundargerð samþykkt.

2.mál.Sparisjóðsmótið

Sparisjóðsmótið verður haldið í Vatnaveröld 15-17.maí. Ákveðið var að hafa mótið með sama sniði og síðasta ár.

Á föstudegi keppa 8ára og yngri en 9ára og eldri á laugardag og sunnudag.

Guðmundur verður mótsstjóri og mun útbúa kynningarbréf sem sent verður til allra sundfélaga. Skráningarfrestur verður 7.maí. Herdís og Helga sjá um innheimtu og Sibba tekur við skráningum.

Boðið verður upp á bíósýningu, bingó og Sparisjóður Keflavíkur mun sjá um öll verðlaun.

Fengum mjög gott tilboð í matinn (fyrir keppendur) hjá IGS og var ákveðið að ganga að því tilboði.

.

3.málBikar.

Ákveðið að hafa fund varðandi Bikar 2009 með Hildi Karen 25.mars í K-húsinu.

Taka verður botn úr grynnri enda laugarinnar og er ætlunin að fá Emil til að skipuleggja það og halda utan um það.

Fundarmenn samþykktu einróma að nettótekjur mótsins renna til þeirra sem leggja sitt af mörkum við framkvæmd mótsins.

4.mál.IM-50, mönnun og fl

Fararstjórar mótsins verða þær Hjördís og Lilja. Fjöldi sundmanna verður 38 og gista allir keppendur, þjálfarar og fararstjórar á farfuglaheimilinu líkt og undanfarin ár. Foreldrar sundbarna sjá um að elda ofan í hópinn. Ekki er enn búið að fullmanna þá hópa sem sjá um eldamennskuna. Einnig vantar dómara á mótið.

Fengum góðan styrk frá IGS og munu þeir sjá hópnum fyrir samlokum og fl.allt mótið.

Áheitasöfnun fór fram úr björtustu vonum. Ákveðið að kaupa boli handa sunmönnum og munu þær Hjördís og Linda sjá um það.

5.mál.600 stiga hópurnin

Þeir sundmenn(18.ára og eldri) sem ná 600 stigum ásamt að ná tímalagmörkum og uppfylla mætingaskyldu munu fara á mót í vor eða í haust.

6.mál.Páskamót

Páskamót verður haldið 1.apríl og verður með sviðuðu sniði og jólamótið.

Allir keppendur fá páskaegg og ætlar Harpa að sjá um að kaupa þau.

.

7.mál.Sumarvinna, EMU og HM

Ákveðið að styrkja þau börn sem ná lágmarkum á EMU og HM um 20%

8.mál.Önnur mál

Steindór sagði að sú staða væri komin upp að mikil þörf sé á að fjölga dómurum og mun í framhaldi auglýsa eftir foreldrum sem tilbúnir eru að fara á dómaramámsskeið.

Sú hugmynd kom upp að hafa uppskeruhátið foreldra sundbarna eftir sparisjóðsmótið.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 22.10

Ritari:Guðbjörg Lilja Jónsdóttir

Fundslitið kl.22.10

Fleira ekki rætt

Næsti fundur verður 10.des.

Ritari Guðbjörg Lilja Jonsdóttir.

